

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1989

20. janúar 1989

25

Nr. 17

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 24. janúar 1989 til og með 15. febrúar 1989 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 65°12' 48 N – 24°34' 41 V
2. 65°17' 50 N – 24°55' 24 V
3. 65°28' 15 N – 24°49' 24 V
4. 65°21' 37 N – 24°27' 50 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

23. janúar 1989

REGLUGERÐ

Nr. 18

um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

1. gr.

Á grundvelli 39. og 65. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. skal grundvelli lánskjaravísitölunnar, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 26. ágúst 1983, breytt þannig að hún verði samsett eins og segir í 2. gr. hér á eftir.

2. gr.

Grundvöllur lánskjaravísitölunnar verður samsettur að $\frac{1}{3}$ af vísitölu framfærslukostnaðar skv. lögum nr. 5/1984, að $\frac{1}{3}$ af vísitölu byggingarkostnaðar skv. lögum nr. 42/1987 og að $\frac{1}{3}$ af launavísitölu, sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985, þar til sett hafa verið sérstök lög um launavísitölu, en þá taki sú vísitala við.

3. gr.

Lánskjaravísitala skv. 2. gr. tengist þeirri er tók gildi 1. janúar 1989 og kemur að öllu leyti í stað lánskjaravísitölu skv. fyrri grundvelli.

B 3